



## Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Skagafjarðar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs- og mannúðarsamtaka og menningarstarfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, sbr. heimild í 2. mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Eru fasteignaeigendur í Sveitarfélaginu Skagafirði
- Reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili í sveitarfélaginu, sbr. 1 gr. reglna þessara, með þeim
- Starfsemin skal vera mannúðar- og góðgerðarstarfsemi sem er rekin í almannaþágu eða í þágu æskulýðs.
- Um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu til að vera unnin sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið.
- Starfsemin má ekki njóta samningsbundinna rekstrarstyrkja frá sveitarfélaginu eða ígildi þeirra.
- Starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3. gr. reglna þessara.

### 3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema 30% álagðs fasteignaskatts.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, þar sem ekki allir uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrðin, í samræmi við eignahluta þeirra.

### 4. gr.

Eigendur bújarða eða útihúsa geta sótt styrki til greiðslu fasteignaskatts af útihúsum sem standa ónotuð. Leggja skal inn skriflega umsókn til sveitarfélagsins ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður styrkhæfni í hvert sinn. Sé umsókn metin styrkhæf fer um framkvæmd skv. 3. gr.

### 5. gr.

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um styrki til greiðslu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef þeir hafa staðið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknum skal skilað til sveitarfélags eigi síðar en 30 dögum eftir fyrsta gjalddaga ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur hússins. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður styrkhæfni í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur á húsinu. Þannig megi líta á styrk sem framlag til endurbóta. Styrkir samkvæmt þessari grein verða einungis veittir til eins árs í senn og að hámarki í 5 ár fyrir hverja fasteign. Sé umsókn metin styrkhæf fer um framkvæmd skv. 3. gr., utan þess að veittur styrkur til endurbóta eða endurbyggingu friðaðra húsa getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem svarar 100% af álögðum fasteignaskatti.



6. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is) og liggja frammi í ráðhúsinu á Sauðárkróki. Með umsókn um styrk skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félags þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemi þess.

7. gr.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að þyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

8. gr.

Sveitarstjórn Skagafjarðar endurskoðar reglur þessar í desember ár hvert ef þurfa þykir.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 24. nóvember 2021.*